

## Starfsreglur Sjúkrasjóðs Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ)

### 1. grein Umsóknir og afgreiðsla.

#### Umsóknir:

1. Umsóknir skulu berast rafrænt á þar til gerðu formi sem er að finna á heimasíðu TFI
2. Um uppgjör vegna fæðingarorlofs skulu öll sömu gögn fylgja umsókn til sjóðsins og beint er til fæðingarorlofssjóðs ásamt greiðsluáætlun frá fæðingarorlofssjóði skv. lögum nr. 95/2000.
3. Nauðsynleg gögn skulu fylgja umsókn í frumritum eða staðfestum afritum, s.s. læknisvottorð, vottorð launagreiðanda og önnur vottorð er varða erindið.
4. Reikningar, sem framvísað er, skulu bera með sér nafn umsækjanda.
5. Stjórn sjóðsins getur óskað frekari gagna til upplýsinga um málsatvik hjá umsækjanda, telji hún þörf á því.

#### Afgreiðsla:

1. Stjórn sjóðsins vinnur úr umsóknum og kynnir umsækjendum niðurstöður bréflaga og með rökstuðningi með vísan í reglur sjóðsins eða mat stjórnar.
2. Staðgreiðslu skatta skal taka af dagpeningum og styrkfjárhæðum.
3. Stjórn sjóðsins skal stefna að því að afgreiða umsóknir innan mánaðar frá því að þær hafa borist.

### 2. grein Sjúkra- og slysdagpeningar, fæðingarorlof.

Til viðbótar sjúkradagpeningum TR eða örorkulífeyri frá TR, lífeyrissjóði eða öðrum greiðslum sem rekja má til fjarverunnar, greiðir sjóðurinn eftirfarandi upphæðir vegna 100% fjarveru (eða hlutfallslega ef unnið er skert starf) og tímabundins tekjutaps af þeim sökum.

Samanlagðar greiðslur sjóðsins og aðrar greiðslur sem rekja má til fjarverunnar skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en tekjum sem fallið hafa niður, til dæmis ef viðkomandi fær greiddar atvinnuleysisbætur eða aðrar launagreiðslur samhliða dagpeningum úr sjóðnum.

#### Dagpeningar vegna veikinda eða slysa sjóðsfélaga:

1. Dagpeninga skal greiða frá þeim tíma að samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu atvinnurekanda lýkur í allt að 4 mánuði (120 daga), helga daga jafnt sem virka, þegar veikindarétti samkvæmt kjarasamningum sleppir.
2. Sjóðsfélagi öðlast rétt að nýju eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslu eftir að fyrra bótatímabili lýkur.

**Dagpeningar vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðsfélaga:**

1. Vegna langvarandi veikinda barna sjóðsfélaga skal greiða bætur í allt að 30 daga enda missi sjóðsfélagi launatekjur vegna þeirra. Sjóðsstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. annarra styrkja.
2. Sjóðurinn greiðir dagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.

**Dagpeningar vegna læknisrannsókna og örorku:**

1. Greiddir eru dagpeningar vegna læknisrannsókna sem eru undanfari frekari aðgerða, líffæragjafar, aðgerða sem taldar eru nauðsynlegar að mati læknis, glasa og tæknifrjónungar og áfengis- og fíkniefnameðferðar í allt að 45 daga.
2. Dagpeningar eru ekki greiddir þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

**Dagpeningar vegna fæðingarorlofs:**

Móðir sem er rétt hafi í sjúkrasjóðnum á rétt á greiðslu fæðingarorlofsdagpeninga jafn lengi og hún nýtur greiðslna úr fæðingarorlofssjóði. Faðir sem er rétt hafi í sjúkrasjóðnum á rétt á dagpeningagreiðslum jafn lengi og hann nýtur greiðslna úr fæðingarorlofssjóði. Á sama hátt eiga foreldrar sem eru sjóðfélagar rétt á viðbótargreiðslum ef um er að ræða andanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu. Ef um um fjölburaefæðingu er að ræða skapast aukinn réttur til dagpeningagreiðslna sbr. lög um fæðingarorlof nr. 95/2000. Þessar greiðslur eru háðar því að sjóðfélagi njóti greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.

**Önnur ákvæði:**

1. Sjóðsstjórn er heimilt að lengja greiðslutíma dagpeninga, ef hún telur brýna nauðsyn til og fjárhagur sjóðsins leyfir í allt að 6 mánuði (180 daga) til viðbótar.
2. Sjóðsstjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga, ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.
3. Eftir að sjóðfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr sjúkrasjóði og greiðslum dagpeninga úr sjóðnum lýkur, öðlast sjóðfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum að nýju fyrr en þrjú mánuðir eru liðnir frá því hann síðast hlaut greiðslur úr sjóðnum. Þetta á þó ekki við um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi eða fyrir atvinnulausa.
4. Dagpeningar skulu vera 80% af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dagpeninga skapast og hafi þær verið 1% af launum, enda komi ekki greiðsla vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil. Dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi miðast við meðallaun 12 mánaða tímabils sem lýkur 2 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Greiðslur skulu vera sem hér segir: Fæðingarorlofsdagpeningar úr sjúkrasjóði KTFÍ nema 5% af meðallaunum bótaþega. Dagpeningar í fæðingarorlofi eru einungis greiddir þann tíma sem sjóðfélagi nýtur greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.
5. Dagpeningar eru ekki greiddir þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

Eftir að sjóðsfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr sjúkrasjóði hverju sinni og greiðslum dagpeninga úr Sjúkrasjóði KTFÍ lýkur, öðlast sjóðsfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum að nýju fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því hann síðast hlaut greiðslur úr sjóðnum. Þetta á þó ekki við um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi eða vegna atvinnuleysis. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 600 daga alls á ævi hvers sjóðsfélaga

### 3. grein

#### Fyrirbyggjandi aðgerðir og verkefni sem stuðla að bættu heilsufari.

##### Útlagður kostnaður sjóðsfélaga vegna meðferðar á líkama og sál.

Endurgreiddur er 75% af kostnaði, samtals fyrir liði 1 til 6 að hámarki kr.100.000 á hverjum 2 árum, miðað við fyrstu greiðslu styrks. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

1. Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kiropraktor eða sambærileg meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni.
2. Sálfræðipjónusta, hjúkrunarmeðferð, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf eða sambærileg meðferð hjá viðurkenndum fagmanni.
3. Faraldsfræðilegar rannsóknir/ hjarta-, lungna- og æðaskoðun.
4. Krabbameinsskoðun.
5. Dvöl á dvalar- og heilsustofnunum að læknisráði.
6. Kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja.

Sjóðsfélagar fá líkamsræktarstyrk að hámarki kr.25.000 á almanaksári.

### 4. grein

#### Gleraugu og augnaðgerðir.

##### Gleraugu og augnaðgerðir:

1. Endurgreitt er allt að 75% af kostnaði sjóðsfélaga vegna gleraugnakaupa (glerja og/eða linsa) á þriggja ára fresti, að lágmarksupphæð kr.10.000 en að hámarki kr. 80.000.
2. Greiddur er staðlaður styrkur að fjárhæð kr. 100.000 vegna laseraðgerða á öðru auga og kr. 200.000 vegna laseraðgerða á báðum augum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minnst eitt ár fyrir aðgerð.

### 5. grein

#### Tæknifrjóvganir og ættleiðing.

##### Tæknifrjóvgun:

Greiddur er styrkur allt að kr. 200.000 vegna meðferða á tæknifrjóvgunardeildum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minnst eitt ár fyrir greiðslu styrks.

##### Ættleiðing:

Greidd er föst fjárhæð að hámarki kr. 200.000. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minns eitt ár fyrir greiðslu styrks.

**Styrkir skv. 5.gr. greiðast hver um sig að hámarki einu sinni til hvers sjóðsfélaga.**

## 6. grein Heyrnartæki.

Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnartækjum, allt að 75% af upphæð tækjabúnaðar að frádregnum styrk Tryggingastofnunar á þriggja ára fresti að hámarki kr. 100.000.

## 7. grein Tannviðgerðir.

Greidd eru 40% af tannlæknakostnaði umfram kr. 50.000 ef árlegur kostnaður er hærri en kr. 50.000. Hámarksgreiðsla er kr. 300.000 á þriggja ára tímabili.

## 8. grein Útfararstyrkur og dánarbætur.

### Útfararstyrkur:

1. Greiddur er útfararstyrkur vegna andláts greiðandi sjóðsfélaga og barna hans að 20 ára aldri allt að kr. 300.000.
2. Sjóðurinn greiðir ennfremur útfararstyrki kr. 200.000 vegna andláts fyrrverandi sjóðsfélaga allt að tveimur árum eftir að viðkomandi hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku.
3. Útfararstyrkur greiðist til þess aðila er útförina annast.

### Dánarbætur:

1. Dánarbætur skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dánarbóta skapast, enda hafi þær verið 1% af launum.
2. Greiðslur skulu vera sem hér segir:
  - a. Fyrir maka eða sambýling: jafngildi 1 mánaðarlauna ef starfsmanni er ekki heimiluð fjarvera án skerðingar á launum.
  - b. Fyrir hvert barn sjóðsfélaga, yngra en 20 ára: jafngildi ½ mánaðarlauna greiðist til barns eða vörsluaðila. Sama gildir um fráfall annarra nákominna að fengnu mati sálgæslumanns.

## 9. grein Önnur atriði.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita sjóðsfélaga styrk úr sjóðnum með eingreiðslu vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg sérstök fjárútlát sjóðsfélaga.

### Heilbrigðiskostnaður sjóðsfélaga:

Að jafnaði er ekki greitt vegna lyfja- og annars heilbrigðiskostnaðar. Við sérstakar

aðstæður, s.s. óvænt eða mikil útgjöld eða fjárhagslega erfiðleika af þessum sökum, er þó hægt að sækja um styrk til sjóðsstjórnar.

**Hjálp vegna starfstengdra áfalla eða óvæntra starfsloka:**

Sjóðurinn styrkir meðferð, allt að átta skipti, hjá fagmanni til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka.

**Ferðastyrkur:**

Hægt er að sækja um ferðastyrk í lækningaskyni vegna alvarlegra veikinda sjóðsfélaga, maka eða barna hans vegna kostnaðar sem fellur utan greiðslu almannatrygginga.

**10. grein**

Reglur þessar taka gildi þegar stjórn KTFÍ hefur samþykkt þær.

*Samþykkt af stjórn KTFÍ í mars 2007  
Samþykkt af stjórn KTFÍ í janúar 2008  
Samþykkt af stjórn KTFÍ desember 2008  
Samþykkt af stjórn KTFÍ júní 2009  
Samþykkt af stjórn KTFÍ í október 2009  
Samþykkt af stjórn KTFÍ í janúar 2010  
Samþykkt af stjórn KTFÍ 8. apríl 2010*